

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2021/1310****2023/EES/8/57****frá 6. ágúst 2021****um að leiðrétta tilteknar tungumálaútgáfur af reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsskiptum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsskipt og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 27. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í sænsku tungumálaútgáfunni af framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1178/2011 <sup>(2)</sup> er texta ofaukið í 4. lið b-liðar FCL.025 í A-kafla I. viðauka (FCL-hluta) sem gefur til kynna að viðbótarskilyrði gildi.
- 2) Í frönsku tungumálaútgáfunni af reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er villa í inngangsorðum c-liðar FCL.905.FI í 2. þætti J-kafla I. viðauka (FCL-hluta) sem breytir merkingu textans.
- 3) Í þýsku tungumálaútgáfunni af reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eru villur í liðum 1.5, 1.6 og 1.7 í 1. þætti í töflunni í 7. lið „Flokksáritanir — sjór“ í B-hluta 9. viðbætis við I. viðauka (FCL-hluta) og í fyrsta málslið 3. liðar c-liðar MED.B.070 í 2. þætti B-kafla IV. viðauka (MED-hluta), sem breyta merkingu textans.
- 4) Því ætti að leiðrétta frönsku, þýsku og sænsku tungumálaútgáfuna af reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem kveðið er á um í 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.**(Á ekki við um íslensku útgáfuna).**2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtt. ESB L 284, 9.8.2021, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 341/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtt. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsskiptum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtt. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. ágúst 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---